

MEÐGANGA EFTIR 35 ÁRA ALDUR

ICD greiningar:

Z35.9 Eftirlit með áhættusamri þungun, ótilgreindri

Z35.5 Eftirlit með fullorðinni frumbyrju

Rannsóknir hafa sýnt að áhætta á meðgöngusjúkdómum og vandamálum tengt fæðingu eykst með hækkandi aldri og ef þungun er með gjafaegg er það viðbótaráhætta. Meiri líkur eru á því að konur yfir 35 ára aldri hafi sjúkdóma eða heilsufarsvanda sem geta haft þýðingu á meðgöngu.

Því er mikilvægt að hafa ákveðna þætti í huga við mæðravernd þessara kvenna.

Auknar líkur eru m.a. á:

- Háþrýstingssjúkdómi/pre-eclampsíu.
- Sykursýki
- Blóðsega
- Vaxtarskerðingu
- Fyrirburafæðingu

MÆÐRAVERND

- Viðbótarskoðun hjá fjölbyrjum við 25 vikur, 31 viku og 40 vikur til þess að skima fyrir háþrýstingi/pre-eclampsíu (BP mæling og þvagstix).
- Skima fyrir sykursýki hjá þeim sem eru 40 ára og eldri.
- Meta þörf á fyrirbyggjandi hjartamagnlyfi fyrir 40 ára og eldri og blóðasegavörn fyrir þær sem eru 35 ára og eldri.
- Meta þörf á vaxtarmati með ómskoðun hjá þeim sem eru 40 ára og eldri.
- Íhuga viðtal við fæðingalækni á fyrri hluta meðgöngu ef aðrir áhættuþættir eru til staðar en aldur konu.
- Mælt er með að bjóða konum 40 ára og eldri framköllun fæðingar við 40 vikur.